

## 1. Almenn

Fiskeldi Austfjarða (kt. 520412-0930), Nesbala 122, 170 Seltjarnanesi, er með rekstrarleyfi (IS-36088) fyrir 6.000 tonnum af laxi og 2.000 tonnum af regnbogasilungi í Berufirði. Fyrirtækið er einnig með rekstrarleyfi (IS-36111) fyrir 3.000 tonnum af regnbogasilungi í Fáskrúðsfirði. Fiskeldi Austfjarða sótti um stækkun á rekstrarleyfi úr 8.000 tonnum í 9.800 tonn af laxi í Berufirði og úr 3.000 tonnum í 11.000 tonn af laxi í Fáskrúðsfirði. Umsókn um rekstrarleyfi var móttækin 13. desember 2017. Við gildistöku nýrra rekstrarleyfa í Berufirði (FE-1138) og Fáskrúðsfirði (FE-1139) falla eldri rekstrarleyfi úr gildi.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið bæði burðarþolsmat og áhættumat fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolmat Berufjarðar er 10.000 tonn og áhættumatið gerir ráð fyrir 6.000 tonnum af frjóum laxi. Burðarþolsmat í Fáskrúðsfirði er 15.000 tonn og áhættumatið gerir ráð fyrir 15.000 tonnum af frjóum laxi samanlagt fyrir bæði Fáskrúðsfjörð og Reyðarfjörð. Matvælastofnun hefur ákveðið að ala megi 6.000 tonn af frjóum laxi í Fáskrúðsfirði.

Fiskeldi Austfjarða mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á laxi á þremur sjókvíaeldissvæðum. Í Berufirði eru sjókvíaeldissvæði A sem inniheldur eldissvæðið Svarthamra og sjókvíaeldissvæði B sem inniheldur eldissvæðin Hamraborg I og Hamraborg II. Í Fáskrúðsfirði er sjókvíaeldissvæði C sem inniheldur eldissvæðin Eyri/Fögrueyri, Höfðahúsabót og Æðasker.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Fiskeldi Austfjarða lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 12. mars 2018 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 14. júní 2018. Fyrirtækið vann viðbót við matsskýrslu vegna samburðar valkosta vegna framkvæmdarinnar, einkum hvað varðar núllkost, lokaðar kvíar, landeldi og geldfisk. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, sem og niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, ásamt viðbót og umsögn Skipulagsstofnunar um viðbót og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Við útgáfu rekstrarleyfanna mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags. Stofnunin hefur einnig ákveðið að fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar við útgáfu rekstrarleyfisins. Matvælastofnun hefur ákveðið að nýta áhættumatið sem verkfæri til þess að minnka líkur á mögulegri erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Með því að fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar telur Matvælastofnun að verið sé að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og koma í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra. Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að leggja eigi niðurstöður áhættumatsins til grundvallar ákvörðunum við leyfisveitingar til sjókvíaeldis á frjóum laxi. Í umsögnum sem bárust Matvælastofnun vegna leyfisútgáfunar kemur fram að bæði Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun mælast til þess að notast verði við áhættumatið við útgáfu leyfanna.

Í áhættumatinu er gert ráð fyrir að hægt sé að ala 15.000 tonn af frjóum laxi samanlagt í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Hafrannsóknastofnun tekur ekki afstöðu til þess hvernig skipting á þessum 15.000 tonnum er á milli fjarðanna tveggja. Afstaða Hafrannsóknastofnunar er byggð á þeim rökum að ekki skipti meginmáli hvernig skipting frjórna laxa í fjörðunum er með tilliti til mögulegrar erfðamengunar í nærliggjandi ám. Við skiptingu áhættumatsins milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hafði Matvælastofnun til grundavallar burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar. Skipting áhættumatsins er hlutfallsleg m.v. burðarþolsmat og er því 9.000 tonn í Reyðarfirði og 6.000 tonn í Fáskrúðsfirði. Stofnunin telur það rétt að m.v. útgefið burðarþol sem metið hefur verið fyrir hvorn fjörð fyrir sig. Í matsskýrslu Fiskeldis Austfjarða kemur fram að fyrirtækið muni taka mið af áhættumati, sem þó er gerður fyrirvari við af þeirra hálfu varðandi lögmæti, að fyrirhugað sé að ala 6.000 tonn af frjóum laxi í hvorum firði.

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki séu forsendur til að veita leyfi til allra þeirra framkvæmda sem áformuð eru í sjókvíældi á laxi í Berufirði, Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði (29.800 tonn af frjóum laxi) þar sem áhættumatið gerir ráð fyrir 21.000 tonnum. Í álitinu kemur jafnframt fram að ef eingöngu er horft til núverandi 6.000 tonna rekstrarleyfis Laxa fiskeldi hf. fyrir laxeldi í Reyðarfirði og útgáfu rekstrarleyfa Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir 6.000 tonna laxeldi í Berufirði og 6.000 tonna laxeldi í Fáskrúðsfirði, þá telur Skipulagsstofnun vera forsendur til þess að veita rekstrarleyfi til áformaðra framkvæmdar Fiskeldis Austfjarða með tilliti til áhrifa á erfðablöndun.

Matvælastofnun mun gefa út aðskilin rekstrarleyfi fyrir Berufjörð og Fáskrúðsfjörð. Skipulagsstofnun mælist til að ekki verði gefin út leyfi fyrir ófrjóan fisk nema að takmörkuðu leyti vegna þess að stofnunin telur vera mikla óvissu um hvort ófrjór lax henti í fiskeldi hér við land. Enn á eftir að koma reynsla á eldi á ófrjóum laxi í sjókvíældi á Íslandi en Matvælastofnun telur ekki réttmætt að minnka umfang ófrjóraxa þegar tekið er tillit til bæði burðarþols- og áhættumats. Í rekstrarleyfunum verður ófrjór lax sérstaklega skilgreindur og því mögulegt að bregðast við breyttum aðstæðum eftir þörfum. Jafnframt mun eldi á ófrjóum laxi takmarkast af því hvernig gengur að ala fiskinn á næstu árum og takmarkast því af sjálfu sér þar sem eldi á ófrjóum laxi er enn á tilraunastigi. Eldi ófrjóraxa (geldstofn) er bundið því skilyrði að aðferðir, sem notaðar eru til að hindra að eldisfiskur framleiði frjóar kynfrumur, uppfylli ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

Matvælastofnun hafa borist gögn er varða nánari eldisáætlanir vegna kynslóða í Berufirði og frjór lax er aðgreindur frá ófrjóum laxi fyrir báða firði. Stofnunin staðfestir að gögnin hafi verið fullnægjandi.

Fiskeldi Austfjarða lagði fram tvo valkosti vegna staðsetninga eldissvæða í Fáskrúðsfirði, þar sem valkostur a myndi hafa meiri áhrif á siglingar um fjörðinn en valkostur b vegna þess að valkostur b nær lengra út í fjörðinn miðjan. Matvælastofnun leitaði til Fjarðabyggðar varðandi umsögn um val á útfærslu siglingaleiða en Fjarðabyggð vísaði til Landhelgisgæslu Íslands. Matvælastofnun leitaði til Landhelgisgæslunnar vegna útfærslu eldissvæða í rekstrarleyfum og leyfilegra staðsetninga á botnfestingum. Útfærslan er þannig að innan valkostar b þarf allur eldisbúnaður ofansjárur að vera en botnfestingar þurfa að rúmast innan valkostar a. Landhelgisgæslan lagðist ekki gegn þessari útfærslu á búnaði innan þessara tveggja valkosta og hefur Matvælastofnun tekið ákvörðun um að gefa út rekstrarleyfið samkvæmt því.

Varðandi ástand sjávar tekur Matvælastofnun undir þau sjónarmið sem koma fram í álitum Skipulagsstofnunar að því leyti að skilyrði verði sett í starfsleyfi Umhverfisstofnunar um að vöktun á súrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að slík vöktun verði í samræmi við viðmið Hafrannsóknastofnunar. Einnig að skilyrði verði sett í starfsleyfi um að vöktun á næringarefnum fari fram síðsumars eða að hausti þegar styrkur þeirra er sem mestur. Jafnframt tekur Matvælastofnun undir sjónarmið Skipulagsstofnunar um botndýralíf, að mikilvægt sé að skýrt sé kveðið á um vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar og áhrifum á botndýralíf. Ennfremur að skilgreind verði viðmið um ástand botndýralífs og mótvægisáðgerðir tilgreindar. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi hafsbótin ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Stofnunin tekur undir með Skipulagsstofnun að tilefni sé til að sett verði skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða.

Skipulagsstofnun nefnir að áhrif framkvæmdarinnar á fiskveiðar sé nokkurri óvissu háð. Fiskeldið mun takmarka veiðisvæði að einhverju leyti en taka ber fram að kvíastæðin eru umfangsminni en eldissvæðin sjálf og stunda má veiðar 100 metrum frá jaðri sjókvíældisstöðva. Matvælastofnun telur að sjókvíældið geti hinsvegar jafnframt laðað að sér nytjastofna sem sækja í fóður við kvíarnar og með því geta myndast ný veiðisvæði og hugsanlega aukið veiði á svæðinu.

Skipulagsstofnun segir í álitum sínum að engar þekktar minjar séu á fyrirhuguðu eldissvæði í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Séu hins vegar fornminjar á svæðinu er hætta á að þær geti raskast vegna festinga kvía og úrgangs sem fellur til botns sem gæti hulið fornminjarnar. Ljóst er að fyrirhugað eldi mun ekki valda beinu raski á botni undir eldiskvíum nema þar sem festingum verður komið fyrir. Upplýst hefur verið að Fiskeldi Austfjarða mun senda kafara til að skoða aðstæður á sjávarbotni og verður Minjastofnun Íslands tilkynnt ef fornminjar finnast.

Skipulagsstofnun telur í álitinu að samlegðaráhrif framkvæmdanna með fyrirhuguðum framkvæmdum annars staðar á Austfjörðum muni verða talsvert neikvæð vegna ásyndarbreytinga og þar með áhrifa á upplifun ferðamanna og útivistarfólks sem leið eiga um Austfirði. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun að leyfa sjókvíaeldi við Íslandsstrendur m.a. til að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu slíks eldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Sjókvíaeldi takmarkast samkvæmt, auglýsingu 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og eru umrædd svæði á Austfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásynd. Þá ber að líta til þess að Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á samfélag á Austfjörðum vegna aukinna atvinnutækifæra í fiskeldi og afleiddum störfum. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun um að samfélagsleg áhrif vegna fiskeldis á Austfjörðum verði jákvæð.

Í álitinu Skipulagsstofnunar kemur fram að áhrif af fisksjúkdómum (öðrum en laxalús) á þeim tíma sem villtir laxfiskar eru í sjó geti haft nokkuð neikvæð áhrif á laxfiska næst eldisvæðum. Einnig telur stofnunin að ef sjúkdómur myndi dreifast um víðáttumeira svæði geta áhrifin orðið talsvert neikvæð og óvissu háð. Matvælastofnun bendir á að áhætta af dreifingu sjúkdóma (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Alla jafna er mesta áhættan við dreifingu sjúkdóma í eldisfiski fólgin í smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smitdómum fiski (hrognum, seiðum, sláturfiski og frá slátrun). Þar eru þó í mestri hættu aðrir eldisfiskar, enda eðli smitsjúkdóma annað meðal eldisdýra sem lifa þétt á einum stað en meðal villtra fiska sem dreifast víða. Þannig hefur til dæmis ekki verið sýnt fram á með óbyggjandi hætti að alvarlegar veirusýkingar í eldislaxi sem komið hafa upp erlendis hafi haft neikvæð áhrif á villta laxastofna.

Skipulagsstofnun nefnir í álitinu að áhrif vegna laxalúsar geti verið nokkuð neikvæð á villta laxfiska næst eldisvæðinu magnist upp laxalús á stöku eldisvæði. Matvælastofnun telur að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska þegar seiði ganga í sjó, en áhrifin minnka þó með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða.

Í álitinu kemur einnig fram að Skipulagsstofnun telji að sumar af þeim aðferðum sem notaðar eru við lúsameðhöndlun geti valdið öðrum sjávarlífverum skaða. Matvælastofnun bendir á að hver einstök ákvörðun um meðhöndlun er metin af Fisksjúkdómanefnd skv. lögum 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Þegar kemur að notkun lyfja gegn lúsasmiti er mikilvægt að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðenda og þess dýralæknis sem ávísar lyfinu. Í álitinu Skipulagsstofnunar kemur jafnframt fram að skaðleg áhrif lyfja á villtar lífverur sé að finna í allt að 1 km fjarlægð. Í því samhengi er rétt að benda á að niðurbrot og útpynning lyfja fer eftir umhverfisþáttum, t.d. hitastigi, straumum og seltu. Við notkun lyfja ber ávallt að skoða samverkandi umhverfisþætti sem geta haft áhrif á dreifingu, niðurbrot og þynningu. Skipulagsstofnun telur það verulegri óvissu háð hvaða áhrif eldið geti haft á hrognavinnslu Loðnavinnslunnar í Fáskrúðsfirði. Matvælastofnun telur hverfandi líkur á því að möguleg lyfjanotkun muni hafa áhrif á sjóinntöku vegna hrognavinnslu í Fáskrúðsfirði vegna þynningaráhrifa.

Skipulagsstofnun telur að við veitingu rekstrarleyfis þurfi að setja skilyrði er varða viðmið um heimilaðan fjölda laxalúsa á eldisfiski. Laxalús er flokkuð sem tilkynningarskyldur sjúkdómur skv. reglugerð 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma og þess vegna er ekki talin þörf á viðmiðum um heimilaðan fjölda laxalúsa á eldisfiski. Finnist laxalús í eldi þá er það tilkynnt til Matvælastofnunar og viðbrögð metin út frá aðstæðum hverju sinni.

Skipulagsstofnun leggur til að vöktun á laxalús á eldisfiski verði á þeim árstíma sem er hagstæður fyrir vöxt laxalúsar. Matvælastofnun bendir á að við vöktun á eldisfiski og sýnatöku vinnur stofnunin og rekstrarleyfishafar samkvæmt reglugerð 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Í 6. gr. sömu reglugerðar kemur fram að eftirlit með sníkjudýrum skuli vera áhættumiðað.

Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun að gagnlegt væri að gera niðurstöður vöktunar á laxalús opinberar. Hinsvegar er engin opinber vettvangur til staðar í dag en nokkur fyrirtæki hafa samt sem áður birt niðurstöður vöktunar vegna laxalúsar á vefsíðum sínum og á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun leggur til að tilgreind verði viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöður um smítalag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna. Matvælastofnun staðfestir að viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir sem fram koma í matsskýrslu fyrirtækisins séu fullnægjandi.

Í álitinu kemur fram að Skipulagsstofnun mælist til þess að fyrirtækjum sem ætla sér að starfa í Fáskrúðsfirði verði skylt að samræma útsetningu seiða. Í rekstrarleyfi Matvælastofnunar í Fáskrúðsfirði eru skilyrði um samræmda útsetningu seiða.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfanna

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Djúpavogshrepps, og Fjarðarbyggðar þann 27. nóvember 2018.

Í umsögn Fiskistofu, dags. 13. desember 2018, segir að stofnunin telji mikilvægt að uppbygging í sjókvíaelði við Ísland taki mið að áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Áhættumatið verði haft til grundvallar því þegar heildarmagn verði ákvarðað, og útgáfa rekstrarleyfa taki mið af því, í samræmi við markmið laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og markmið laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Matvælastofnun hefur tekið ákvörðun um að fylgja áhættumati Hafrannsóknastofnunar líkt og Fiskistofa leggur til.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 14. desember 2018, vísar stofnunin til útgefins burðarþolsmats og áhættumats og nefnir að svo lengi sem hámarkslífmassi í eldinu sé innan þeirra marka sé áhættan talin ásættanleg miðað við stöðu þekkingar sem nú liggur fyrir. Jafnframt er tekið fram að Hafrannsóknastofnun hafi hingað til talið æskilegt að fylgja lögum varðandi fjarlægðir milli eldissvæða, sem sett hafa verið í því markmiði að minnka smithættu milli svæða. Rekstrarleyfi sem Matvælastofnun gefur út verða innan útgefins burðarþolsmats og áhættumats. Varðandi fjarlægðir milli eldissvæða þá verða rekstrarleyfin skilyrt þannig að starfsemi umræddra fyrirtækja verði samræmd.

Í umsögn Djúpavogshrepps, dags. 14. desember 2018, var bókað að sveitastjórnin gerði ekki athugasemdir við fyrirhugaðar leyfisveitingar.

Í umsögn Fjarðabyggðar, dags. 10. janúar 2019, telur Fjarðabyggð að erfitt sé að taka afstöðu til framleiðslumagns af frjóum fiski samkvæmt áhættumati þar sem það hefur ekki lögformlegt gildi. Þeir benda jafnframt á að burðarþolsmatið sé meira en áhættumatið og telja því um verulega framleiðsluskerðingu sé að ræða. Fjarðabyggð óskar jafnframt eftir því að ef Matvælastofnun hefur í hyggju að notast við áhættumatið sem grundvöll leyfisveitinga að stofnunin geri opinbert hvornig leyfilegu magni verði útteilt. Fjarðabyggð vekur athygli á að framkvæmdir innan netlaga séu háðar m.a. leyfi sveitafélaga og samþykkis landeiganda en þeir telja út frá fyrirliggjandi gögnum að staðsetning botnfesta við Eyri/Fagreyri verði utan skilgreindra eldissvæða. Fjarðabyggð bendir jafnframt á að hluti fyrirhugaðs eldissvæðis sé innan 250 metra frá stórstraumsfjöru við friðlýst æðarvarp og telur mikilvægt að leyfisveiting vegna nýrrar atvinnustarfsemi taki tillit til þeirrar starfsemi sem fyrir er. Að lokum óskar Fjarðabyggð eftir að leitað verði til Landhelgisgæslunnar á fyrirhugaðri staðsetningu botnfesta.

Matvælastofnun vísar í 2. kafla þessarar greinargerðar um afstöðu til mats á umhverfisáhrifum er varðar athugasemdir vegna áhættumats almennt og skiptingu þess á milli fjarða. Stofnunin hafði samband við Fiskeldi Austfjarða og benti á að ekki væri leyfilegt að hafa botnfestingar utan skilgreindra eldisvæða. Fyrirtækið brást við og breytti uppsetningu eldiskerfa þannig að allur eldisbúnaður verði innan eldissvæðis og ofansjávarbúnaður verði utan áhrifasvæðis friðlýsts æðavarp. Matvælastofnun óskaði eftir umsögn Landhelgisgæslunnar þann 15. febrúar 2019 varðandi svæðisskiptingu eldissvæða í valkosti a og b þar sem allur ofansjávarbúnaður (sjókvíar) yrðu á skilgreindu b-svæði en leyfi væri til þess að hafa botnfestingar á a-svæðum. Í svari Landhelgisgæslunnar sem barst Matvælastofnun þann 26. febrúar 2019 kemur fram að skipum ætti ekki að stafa nein hætta af hindrunum í og við yfirborð sjávar þó þau þyrftu við sérstök tilvik að sigla yfir festingarnar þar sem festingar yrðu á nægjanlegu dýpi.

#### 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfa til Fiskeldis Austfjarða til að framleiða 9.800 tonn af laxi í Berufirði og 11.000 tonn í Fáskrúðsfirði. Heimil framleiðsla á frjóum laxi er 6.000 tonn í Berufirði og 6.000 tonn í Fáskrúðsfirði. Heimil framleiðsla á ófrjóum laxi er 3.800 tonn í Berufirði og 5.000 tonn í Fáskrúðsfirði.

Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíeldis í tveimur fjörðum, þar sem sjókvíaeldissvæði A (Svarthamrar) og B (Hamraborg I og Hamraborg II) eru í Berufirði og sjókvíaeldissvæði C (Eyri/Fagraeyri, Æðasker og Höfðahúsabót) er í Fáskrúðsfirði.

Matvælastofnun hefur með hliðsjón af tilmælum Hafrannsóknastofnunar sett viðbótarskilyrði um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhættu fyrir villta laxastofna, þ.e. að draga úr áhættu á stroki útsettra seiða með því að samstillta möskvastærð netpoka og lágmarksstærð útsettra seiða og hinsvegar áðgerðir með ljósastýringu til að seinka kynþroska laxa í sjókvíum og draga þannig úr áhættu á laxi sem kann að sleppa.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvaskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfa Matvælastofnunar afhendir stofnunin útgefin starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfin gilda til 21. mars 2029.

Á sama tíma og rekstrarleyfi Fiskeldis Austfjarða í Berufirði (FE-1138) og Fáskrúðsfirði (FE-1139) falla úr gildi eldri rekstrarleyfi í Berufirði (IS-36088) og Fáskrúðsfirði (IS-36111).

Selfossi, 21. mars 2019